

Þjóðsögur: Ég átti að verða prestskona

Til kennara

Sagan af Lyga-Tátu

Kennarinn: Ja, nú er það svart, maður. Þið hlustið á söguna og svarið síðan spurningunni: Getur verið að tengja megí söguna við aðstæður í samtíma okkar?

Að loknum lestri varpar kennarinn fram spurningu og segir: Gætuð þið hugsað ykkur eitthvað hliðstætt í nútímanum? Nemendur munu hugsanlega nefna metnaðargjarna menn sem svífast einskis við að ná markmiði sínu. Sumir ráða leyniskyttur, aðrir beita lygum um keppinautinn til að koma honum á kné, enn aðrir beita fjárkúgun. Svo kemst að lokum allt upp, kannski vegna tölvupósts eða SMS-skilaboða.

Umræðan verður fjörug. Eins og fram kemur í „Örfáum minnisatriðum“ lýsir þessi saga fullkominni grimmd. Það er eiginlega farið yfir mörkin! Í hinni frægu skáldsögu *East of Eden* eftir John Steinbeck birtist stúlka sem hegðar sér á svipaðan hátt. Segja má að hún og Táta séu „haldnar illum anda“ og að aðeins þannig sé hægt að skýra gjörðir þeirra.

Til hvers segja menn þá svona sögur? Hugsanlega til að vara hlustendur við: Svikin munu komast upp að lokum!

Gaman er að benda á gömul og falleg orð: *skjóla* (fata), *dysja* (grafa með lítilli viðhöfn).

Örfá minnisatriði

Þessi saga er flokkuð með ævintýrum í safni Sigfúsar Sigfússonar. Og byrjunin er alveg í anda töfraævintýra („Það var einu sinni karl og kerling í karlskoti“). Endalokin eru líka svipuð því sem almennt gerist í ævintýrinu: hinum illa er refsað grimmilega. En fljótt kemur í ljós að hér er engin saklaus stúlka sem öðlast hamingju og lifir sæl til æviloka. Þetta er ekki heldur kímilegt ævintýri þar sem hinn klóki leikur á kónginn og drottninguna og eignast að lokum prinsessu og kóngsríki. En sameiginlegt með kímilegu ævintýrunum er að hér eru engir töfrar eða önnur yfirnátúrleg fyrirbæri: allt sem hér er sagt hefði getað gerst í raunveruleikanum. Og það er reyndar líka gamansamur tónn í sögunni af Tátu, sbr. það að drottningin gengur í störf vinnufólksins og verður þannig eins og ‘ein af okkur’.

Sagan af Lyga-Tátu lýsir mikilli grimmd. Aðalpersóna svífst einskis; hún drepur foreldra sína og systur fyrir engar sakir. Hún prílar síðan upp mannvirðingastigann með áframhaldandi morðum og klókindum og kemst alla leið í sæti drottningar. En að lokum kemst allt upp og segja má að Táta hafi fallið á eigin óvarkárni: Hún ljóstrar upp eigin leyndarmáli á svipaðan hátt og t.d. sú fræga Gilitrutt. Það er einmitt algengt að illu öflin leiki sér að eldinum, sbr. tröllin í ævintýrunum sem kasta fjöreggi sínu á milli sín.

Kunnugleg minni birtast í sögunni, sbr. vistarveruna í konungsgarði sem ekki mátti opna. Tilbrigði við það minni er t.d. í hinu þekkta franska ævintýri af Bláskegg. Bannið er brotið og þá er voðinn vís.

Það er uppeldislegur tónn í sögunni; foreldrar eiga að beita börn sín aga jafnvel þótt þeim þyki vænt um þau. Og sagan kennir okkur einnig að upp koma svik um síðir.

Orðskýringar

Lyga-Táta: Vert er að huga að stafsetningu orða þar sem bætt hefur verið framan við eiginlegt nafn persónunnar, sbr. Skalla-Grímur, Fjalla-Eyvindur. Hins vegar: Helgi magri, Auður djúpúðga.

blandinn (blendinn): undirföruhl, viðsjáll

skjóla: fata

dysja: grafa (með lítilli viðhöfn)

ég missti alls minnis/ég missti allt minni: skýrið þennan mun. Hvaða falli (föllum) stýrir sögnin að *missa* í sögunni? Flettið sögninni að *missa* upp í orðabókum og finnið fleiri dæmi þar sem hún stýrir eignarfalli.

Athugið einnig *nennti einskis*. Sögnin *nenna* stjórnar oftast þágufalli (nenna því). Hvaða falli stjórnar hún hérna?

Svar: Sjálfsagt er að nota tækifæri sem bjóðast til að hnykkja á málfræðiatríðum eins og *fallstjórn*: sögnin (áhrifssögn!) *missa* stýrir eingarfalli (missti alls minnis) en síðar stýrir hún þolfalli eins og algengast er nú: missti allt minni. Sagnir geta semsagt verið *fallvaldar*, stýra falli; slíkar sagnir nefnast *áhrifssagnir*. – Sögnin *nenna* stýrir hér eignarfalli. Yfirleitt stýrir hún þágufalli í nútímamáli.

skeinast (í burtu): hundskast (í burtu)

skyldir (skyldur): skattar, gjöld

ljúka upp: opna

blóðrenna: blæða út; hann blóðrann: honum blæddi út

Stílfraeðileg atriði

1. Sagan einkennist af hraða: Það er ekki dvalið lengi við neitt; hver stórviðburðurinn rekur annan. Setningaskipanin ýtir undir hraðatilfinninguna. Hér eru t.d. mjög víða stuttar aðalsetningar: *hann neitar/brá kóngi í brún*.

Knappur stíll einkennir þjóðsögur en segja má að hér sé jafnvel gengið lengra í þessa átt en almennt gerist.

Svar: Mjög mikilvægt er að veita setningaskipaninni athygli. Stuttar málsgreinar gefa sögunni svipmót hraða og sviptinga. Þannig tengist stíllinn innihaldi sögunnar.

2. *Háð* er algengt stílbragð og getur verið áhrifamikið. Þá er merkingu orða oft snúið við þannig að hún verður þveröfug við það sem almennt tíðkast. Hér er talað um níðingsverk Tátu sem *afreksverk*.

Svar: Verum vakandi gagnvart *háði*: Þá er merkingu gjarnan snúið á hvolf: níðingsverk Tátu er orðið að *afreksverki*! Biðjum nemendur að finna fleiri dæmi úr daglegu tali (Sá er góður!/ Þú varst aldeilis skemmtilegur í gær!/ Þú ert nú meiri snillingurinn!).

Umræða

- Ræðið um grimmdina í þessari sögu. Snertir hún okkur djúpt? Rökstyðjið svarið. Hér mætti styðjast við atriði eins og fjarlægð frá atburðum/kímni í framsetningu o.s.frv.
- Ræðið þá fullyrðingu að það sé foreldrum Tátu að kenna hvernig fór.
- Bendið á og ræðið röklega veilu í frásögninni. [Hér er átt við atvikið þegar Táta hleypur burtu og ástæður þess.]
- Ræðið út frá samhenginu merkingu orðasambandsins *að kunna varla réttir hendi í rass að taka*.

Svör

1. Segja má að grimmdin í þessari sögu snerti okkur ekki djúpt, m.a. vegna þess hve yfirgengileg hún er. Þetta er líka allt í mikilli fjarlægð: gerist einhvers staðar í konungshöll úti í heimi. Svo bætist við þessi kímni, t.d. þar sem drottningin er að atast í eldhúsinu og kann lítið til verka.
2. Foreldrarnir höfðu ekki rænu á að beita Tátu aga; þannig gekk hún á lagið og nýtti sér aðstæður (foreldrarnir voru blindir af væntumþykju). Þetta mætti ræða almennt: Kannski þyrftu foreldrar að beita aðeins meiri aga en þeir gera yfirleitt. Börnin þurfa að læra „mannasiði“.
3. Spyrja mætti: Hvenær hafði sá gamli tíma til að rista ummæli Tátu á keflið? (Hún var búin að opna leynihýsið áður en hún kom upp um sig; og karlinum blæddi út „á lítilli stundu“.
4. Orðasambandið „að kunna varla réttari hendi í rass að taka“ er hér notað um Tátu og tengist þeirri staðreynd að hún kann ekkert til verka. Táta er dæmi um manneskju sem ekki hefur lært að vinna, kann ekki tökin á neinu. Spurning hvort þetta tengist upphaflega athöfninni að skeina sig!

Efnisspurningar

1. Hvað átti Táta margar systur?
2. Hvert er ‘afreksverkið’ sem Táta vann?
3. Hvaða brögðum beitir Táta til að blekkja konungshjónin?
4. Hvernig komust svik Tátu upp?

Svör

1. Táta átti tvær systur.
2. Orðið *afreksverk* er notað um íkveikjuna, þegar Táta brenndi foreldra sína og systur inni. Segja má með sanni að orðið sé hér notað í þveröfugri merkingu til að undirstrika hneykslun sögumanns á þessu níðingsverki. Stílbragðið kallast *háð* (kaldhæðni).
3. Hún segist hafa misst minnið og viti því ekki hvernig á að gera nokkurn skapaðan hlut.
4. Faðir konungsins hafði rist á kefli það sem Táta hafði sagt um glæpi sína.

Hugleiðing

Setjið ykkur í spor Signýjar, systur Tátu. Lýsið afstöðu hennar til Tátu.

Skrifið knappan stíl með mörgum aðalsetningum en tiltölulega fáum aukasetningum.

Sagan af Helgu karlsdóttur

Kennarinn: Ja, nú er það svart, maður, allt orðið hvítt! Þið hlustið á söguna og svarið síðan eftirfarandi spurningu: Nefnið nokkur dæmi um stríðni Helgu í garð kóngssonarins og systra sinna.

Eftir lesturinn má fá hópinn til að ræða stríðni Helgu. Hún sveimar um á hestinum og lætur dekstra sig; gefur ekki upp heimilisfang, ansar ekki þegar kóngsson kallar á hana; hún hampar gullskónum framan í kóngsson en ríður svo burt o.s.frv. – Hún stríddi systrum sínum með því að láta þær segja sér frá „stelpuskrottanum“ og vera sakleysið uppmálað. Þannig bregst Helga við þeirri illu meðferð sem hún fær hjá systrum sínum.

Systurnar koma hryllilega fram við Helgu og láta reiði sína vegna ófaranna hjá kóngssyni bitna á henni. Takið eftir orðum systranna: „Nú skyldi hún njóta þess að þær gætu ekki náð í hana enda væri henni það mátulegt.“ Systurnar eiga við að Helga skuli nú fá að kenna á því að þær gætu ekki haft uppi á „stelpuskrottanum“ enda væri það mátulegt á hana (þ.e. Helgu). Raunverulega merkja orð systranna hið gagnstæða. Þetta er semsagt háð (kaldhæðni). („Við skulum sko láta það bitna á þér að við náðum ekki í stelpuskrottann; enda áttu það svo sannarlega skilið að fá finna fyrir því!“)

Kennari fari yfir „Örfá minnisatriði“, ekki síst það sem snýr að öskubuskuminninu og skónum. Sögur í þessum anda eru til um allan heim. Ef tími vinnst til mætti láta einhverja nemendur lesa *Öskubusku í Grimms ævintýrum*. Enn betra væri að fá litlum hóp það verkefni að lesa söguna af Mjaðveigu Mánadóttur í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og greina bekknum frá efnisþræði hennar.

Örfá minnisatriði

Eins og í sögunni af Lyga-Tátu og fjölmörgum öðrum ævintýrum er hér um þrjár systur að ræða. Annað atriði sem tengir þessi tvö ævintýri er foreldradrápið. En sagan af Helgu tekur gjörólíka stefnu enda er Helga vel innrætt og kom ekki nálægt drápi foreldra sinna. Í ljós kemur að hér er um afbrigði öskubuskusögu að ræða, sbr. skóinn sem týnist. Slíkar sögur eru til um allan heim en eru taldar eiga uppruna sinn í Asíu. Benda má á bókina *Öskubuska í austri og vestri* með úrvali öskubuskuævintýra hvaðanæva úr heiminum. Hver saga ber einhvern keim af eigin umhverfi. Þannig eru í sögunni af Helgu atriði sem gætu minnt á íslenskan veruleika, sbr. harða fiskinn og kvíaærnar. Þekktasta öskubuskusagan er úr ævintýrasafni Grimmsbræðra en minna má á að í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er ævintýrið um Mjaðveigu Mánadóttur sem einnig geymir minnið um prinsessuna og skóinn. Skemmtilegt gæti verið að lesa það einnig og bera saman við hin ævintýrin tvö. Benda má á að sagan af Helgu sýnir sjálfstæða stúlku sem hefur gaman af að stríða prinsinum og systrum sínum. Hún er líka klárari en prinsinn (sbr. skákirnar). Velta má fyrir sér hvort stúlkur í íslenskum ævintýrum séu sjálfstæðari en gengur og gerist í ævintýrum.

Mikið hefur verið skrifað um öskubuskusögur, sbr. t.d. nýlega grein í *Hrafnabingi II* (2005). Þar er t.d. bent á mikilvægi síðasta hluta sögunnar þegar kóngssonur sér stúlkuna í sínu ‘réttu’ umhverfi, þ.e. hann heillast af henni, jafnvel þótt hún sé klædd í tötra.

Orðskýringar

sitja aldrei á sárs (sátts) höfði: vera aldrei sáttur, grípa hvert tækifæri til deilna.

gustuk: miskunnarverk, eitthvað guðspakkarvert

stytta einhverjum stundir: (hér) drepa

kvía féð: reka féð inn í e.k. rétt (þar voru ærnar mjólkaðar)

durgur (kvk.ft.): tötrar

hampa: (hér) rétta fram (eins og agn)

Stílfraeðileg atriði

1. Skemmtilegt er að athuga fjölbreytilega notkun þrítölunnar í sögunni af Helgu karlsdóttur.
2. Andstæður og hliðstæður eru órjúfanlegur hluti hvers ævintýris. Gott er að hafa slíkt í huga við lesturinn (t.d. hliðstæðurnar tvær vondar systur og andstæðurnar *illt innræti – gott innræti/rikidæmi – fátækt* o.s.frv.).
3. Litir í ævintýrum geta skipt máli. Sálfræðingar hafa t.d. bent á litina í upphafi Mjallhvítarsögunnar hjá Grimmsbræðrum og reynt að sýna fram á táknrænt gildi þeirra (*svartur*: dauðinn; *hvítur*: sakleysið; *rauður*: ástin/freistingin). Sömu litir koma fram í sögunni af Helgu. Ekki er víst að þeir hafi þar sömu táknrænu merkingu en sjálfsagt er að velta því fyrir sér hvort þeir hafi táknrænt gildi.
4. Finnið fimm dæmi um stuðlun í sögunni (dæmi: *karl* og *kerling*).

Svör

1. Þrítalan er hér yfir og allt um kring. Annars vegar tengist hún sjálfri byggingu sögunnar (þrjár ferðir Helgu til kóngssonar o.s.frv.), hins vegar ýmsum smávægilegum efnisatriðum eins og fjölda systranna, fjölda skákanna o.s.frv. Það væri að æra óstöðugan að telja hér allt upp sem snýr að þrítölunni í þessu ævintýri.
2. Látum nemendur benda á nokkar andstæður og hliðstæður. Slíkt skerpir tilfinningu þeirra fyrir aðferðum sögumanna sem sífelld beita þessu stílbragði (það eru t.d. sífelldar hliðstæður í ferðalögum Helgu á hestinum). Og andstæður blasa við, næstum í hverri efnisgrein (kóngshöll – kot; illska – gæska o.s.frv.).
3. Mjög gaman er að ræða um *liti* og *tákn*. Þetta er eitt af því sem stöðugt er til umræðu þegar ævintýri eru annars vegar.
4. Stuðlunin leynist víða, sbr. líkamálgreinina: *unnust* vel til *ellidaga* (svo má benda á rímið í lokamálgreininni: *daga – saga*).

Umræða

1. Rifjið upp söguna af Öskubusku hjá Grimmsbræðrum og bendið á sameiginlega og ólíka efnisþætti með sögunni af Helgu karlsdóttur. Hér mætti hafa í huga sögulokin en einnig t.d. aðferðina við að 'minnka' fætur systranna. Hvað var gert sér til gamans í höllinni í þessum tveimur ævintýrum?
2. Hvernig eru öldrunarmálin leyst í þessari sögu? Ræðið um aðstæður gamla fólksins í nútímasamfélagi.
3. Ævintýrin um Helgu (og önnur öskubuskuævintýri) sýna að snemma hafa konur hugsað um að breyta útliti sínu. Ræðið þetta vandamál eins og það birtist okkur í nútímanum.
4. Ræðið kímni í sögunni af Helgu.
5. Hvað eru margar málsgreinar í fyrstu efnisgrein?
6. Teljið orðin í hverri málsgrein í fyrstu efnisgrein. Hve mörg eru að meðaltali í málsgrein?

Svör

1. Mjög gott er að fá nemendur sjálfa til að rifja upp þá öskubuskusögu sem þeir þekktu sem smábörn (úr *Grimms ævintýrum*). Kannski þarf að hjálpa þeim aðeins og þá má koma með lykilorð eins og: hvernig enda sögurnar?; hvernig er fæturnir 'minnkaðir'?; hvað er gert sér til gamans í höllinni? o.s.frv.

2. Hér má minna á lýsingarorðið „örvasa“ sem notað eru um foreldrara (sama orð er notað um gamla kónginn í sögunni af Lyga-Tátu). Já, öldrunarvandamálin eru leyst með því að „stytta gamla fólkinu stundir“ (þ.e. drepa það). Út frá þessu atriði mætti ræða um aðstæður gamals fólks í samfélagi okkar. Sinnum við gamla fólkinu nógu vel?
3. „Fótaminnkun“ leiðir hugann að því að fólk vill stundum breyta eða láta breyta útliti sínu. Þetta mætti ræða og tengja umræðu um þessi mál síðustu misserin. Í Kína fór maður í mál við konu sína vegna þess að hún ól honum (að hans sögn) ófríð börn. Konan hafði farið í februnaraðgerð áður en hún giftist manningnum og hún hafði ekki sagt honum frá því. Konan var dæmd til að borga manningnum sekt!
4. Kímnin liggur í stríðni Helgu (hún stríðir bæði prinsinum og systur sínum).
5. Það eru sex málsgreinar í fyrstu efnisgrein.
6. Nemendur geri þetta sjálfir. Við tökum eftir að fyrstu málsgreinanar eru stuttar en tvær þær síðustu eru allangar. Þetta gefur textanum vissan sveigjanleika og kraft.

Efnisspurningar

1. Hvernig drápu systurnar foreldra sína?
2. Hvernig fóru fyrstu þrjár skákirnar?
3. Hvaða orð nota systurnar um Helgu? (Finnið þrjú orð.)
4. Til hvers notaði Helga stólana?
5. Hvernig reyndu systurnar að minnka á sér fæturna?

Svör

1. Þær kveiktu í klæðum þeirra.
2. Prinsinn vann tvær þær fyrstu en Helga vann þá þriðju.
3. stelpuskritti, stelpuvargur, stelpuskömm.
4. Hún sat á stólunum þegar hún tefldi við kóngsson.
5. Þær settu fæturna í pressu.

Hugleiðing

Helga á stuðning móður sinnar, en það er eins og móðirin hafi þurft að gleðja hana „í laumi“. Það bendir til þess að faðirinn (og auðvitað systurnar) hafi verið vondur við Helgu.

Svarta pilsíð

Kennarinn: „Nú er eins gott að draga andann djúpt. Þið hlustið á söguna og segið mér síðan hvað ykkur finnst um „athöfnina“ í kirkjunni.“

Að loknum lestri ræðir hópurinn um gjörninginn í kirkjunni. Tveir karlar á móti einni konu, þeir beita hana valdi. En hugsanlega má líta á þetta á annan hátt, þ.e. sem einhvers konar sálfræðimeðferð þar sem reynt er að hjálpa stúlkunni að sigrast á óttanum við að fæða börn.

Hér er nauðsynlegt að hafa í huga hvað hættulegt það gat verið að eignast börn; margar konur létust af barnsförum; einnig dóu fjölmörg börn í fæðingu. Sagan birtir þennan ótta, óttann við fæðinguna.

Örfá minnisatriði

Söguna um svarta pilsíð er eðlilegt að flokka með galdrasögum því að ‘fróðleiksmaðurinn’ sem ‘kunni ýmislegt fyrir sér’ er augljóslega galdramaður. Við tökum eftir því að hann virðist jafnframt vera prestur. Það er einmitt algengt að prestar fáist við galdra, sbr. Sæmund fróða. Þeir beita göldrum sínum yfirleitt til góðs enda eru þeir í áliti hjá alþýðu manna.

Í þessari sögu má greina átök af ýmsu tagi: foreldrar reyna að hafa áhrif á dóttur sína og síðar standa karlar saman gegn konu. Það veur líka athygli að móðir gefur dóttur góð ráð. En ráð kvennanna mega sín lítills. Unga konan vildi ekki eignast börn en er að lokum beitt valdi. Fróðlegt er að bera þær hugmyndir, sem hér birtast, saman við aðstæður í nútímanum og hugmyndir manna um takmarkanir barneigna. Á þeim tíma sem sagan greinir frá er ótvíræð krafa um að giftar konur eignist börn. Fleiri samsvarandi sögur eru til um þetta efni og gæti verið skemmtilegt að bera Svarta pilsíð saman við þær (sjá t.d. JÁ III:452 og Grímu hina nýju III:244).

Ýmis kunnugleg minni birtast hér, m.a. um konuna sem hafnar öllum biðlum sínum. Til samanburðar má benda á ævintýrið Þrastarskegg hjá Grimmsbræðrum og Meykónginn í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (JÁ II:234–236). Þar verður konan einnig að láta í minni pokann fyrir karlmönnunum.

Gott er að hafa í huga að í Þjóðsögum dregur gjarnan til tíðinda á merkisdögum.

Orðskýringar

Hvers vegna er ‘y’ í *fyrndinni*?

Svar: Ef *o* er í skyldu orði má búast við *y*: forn – fyrnd.

leita ráðahags: biðja sér stúlku

ráðsins mjög fýsandi. Orðið *ráð* merkir hér ráðahagur, gifting; *fýsandi* stýrir eignarfalli

hún virðist vel: hún er geðfelld; fólki líkar vel við hana

samfarir: (hér) sambúð

sat fast við sinn keip: Skýrið merkingu þessa orðasambands. Hvaðan er það upphaflega komið? (Hvað merkir orðið *keipur*?)

Svar: Orðið *keipur* tengist sjómannaáli. Keipur er umbúnaður sem skorðar árina á borðstokk bátsins. Sjómenn sátu semsagt við sinn keip þegar þeir reru. Í yfirfærðri merkingu þýðir orðasambandið *að sitja við sinn keip* að láta ekki af skoðun sinni eða fyrirætlun.

lagnætti: miðnætti (einkum að sumarlagi)

skipast: (hér) breytast (sbr. málsháttinn *á skammri stund skipast veður í lofti*)

Jónsmessa: 24. júní; sá dagur var talinn hafa verið fæðingardagur Jóhannesar skírara. Flettið upp í orðabók og finnið fleiri Jónsmessur. Hverjum eru þær helgaðar?

Svar: Tvær Jónsmessur tengjast Jóni Ögmundssyni Hólabiskupi, hin fyrri er 3. mars (þá voru tekin upp bein Jóns biskups); hin síðari Jónsmessa er 23. apríl (andlátsdagur hans, árið 1121).

þau drógu ekki af, þ.e. þau sungu fullum hálsi

bljúgur: auðmjúkur, feiminn

Stílfraeðileg atriði

Bendið á stuðlun á þremur stöðum í fyrstu línunum (munið að sérhljóðar geta stuðlað saman!).

Svar: roskin og ráðsett; fríð og fönguleg; ungur efnismaður.

Útdráttur og munnleg endursögn

1. Gerið útdrátt úr sögunni í tíu línum.
2. Munnleg frásögn: Endursegið söguna.

Munið eftir að vanda kynningu og lokaorð. Talið skýrt og reynið að forðast mjög nútímalegt málfar. Forðist einnig hikorð eins og *sko*, *ókei* og *þú veist*.

Umræða

1. Ræðið um innihald þessarar sögu með nútímann í huga. Tengjið við siðferðileg álitamál.
2. Hvað var eftirsóknarvert fyrir drengi og stúlkur að verða 'þegar þau yrðu stór'?
3. Ræðið um stað og stund í sögunni þegar til tíðinda dregur: Hvar fer athöfnin fram og á hvaða árstíma og á hvaða tíma sólarhrings?
4. Ræðið um það hvernig höfðað er til samvisku aðalpersónu sögunnar.
5. Ræðið hugtökin samstaða og átök í ljósi þessarar sögu.
6. Hvaða lærdóm gætum við dregið af þessari sögu?

Svör

1. Hér mætti ræða getnaðarvarnir. Þú er n.k. getnaðarvörn stúlkunnar. Athygli verkur að það fylgir því greinilega einhver töfrakraftur, galdur. Einnig þyrfti að ræða um þessa kvöð sem greinilega er lögð að giftar konur: þær verða að eingast börn! Þær mega ekki ráða sér sjálfar. Hugsum okkur t.d. að stúlkan hafi verið lesbía og alls ekki viljað koma nálægt karlmanni.
2. Það er greinilegt að börn af hærri stigum samfélagsins áttu að haldast í þeirri stöðu, sbr. það að dóttir prestsins verður prestskona og synirnir menntast og taka við háum embættum. Þetta er augljóslega það sem foreldra dreymir um, börnum sínum til handa og innprenta börnunum.
3. Athöfnin fer fram á heilögum stað (í kirkju), á Jónsmessu (24. júní) um miðnætti. Staður og tími eru ekki valin af handahófi!; þetta er greinilega guði þóknlegt!).
4. Það er greinilega mikill þrýstingur settur á ungu konuna og höfðað til samvisku hennar. Hún er ásökuð fyrir að „varna börnunum lífs“. Þetta mætti ræða í sambandi við fóstureyðingar.

5. Í upphafi standa foreldrarnir saman og vilja að dóttirin giftist. Konurnar standa síðan saman þegar móðirin lætur dóttur sína fá pilsíð (mæðgurnar gera „bandalag“ gegn karlaveldinu, þær búa yfir vissu leyndarmáli varðand samskiptin við hitt kynið). Loks standa karlarnir saman (tveir prestar) og yfirbuga konuna. Að endingu er greinilegt að konan hefur sætt sig við aðstæður sínar (lánið lék við hana) og hún eignast þrjú efnileg börn.
6. Nemendur svari þessu. Segja má að það skíni í gegn að stundum verði að beita fólk þrýstingi eða ofbeldi til að fá það til að láta af fyrri skoðun. Það eru auðvitað hranaleg skilaboð. En einnig má líta á þetta þannig að e.k. „meðferð“ getur hjálpað fólki (t.d. hjónum) til að ná samkomulagi um tiltekin vandamál í samskiptum. Stundum þarf einhvern þriðja aðila til að finna lausn sem allir geta sætt sig við.

Greinarmerki

Setjið stóra stafi og greinarmerki í eftirfarandi texta. (Munið að afmarka ávarpslið með kammum!)

að nokkurri stund liðinni kom lítill drengur inn eftir kirkjugólfinu gekk að hnjám prestskonunnar leit á hana sorgmæddum álösunaraugum og mælti illa gerðir þú móðir mín að varna mér lífs ég átti að verða biskup svo hvarf hann aftur fram kirkjugólfið

Efnisspurningar

1. Hvers vegna samþykkti stúlkan loks að giftast unga prestinum?
2. Á hvaða tíma árs og sólarhrings dregur til tíðinda?
3. Hvaða embætti fengu synir konunnar? Fékk dóttirin embætti?

Svör

1. Af því að móðir hennar lét hana hafa pils sem átti að fyrirbyggja að konan eignaðist börn.
2. Á Jónsmessu (24. júní) um miðnætti (þá er nóttin björtust).
3. Annar sonurinn varð sýslumaður, hinn biskup. Stúlkan fékk ekki embætti en giftist presti.

Axlar-Björn

Kennarinn: Nú er það svart, maður. Þið hlustið með mér á söguna af Axlar-Birni og ræðið síðan um áhrif drauma og spádóma á líf Björns. Ræðið einnig vilja móðurinnar til að láta fimm ára son sinn af hendi.

Að loknum lestrinum má spyrja hvort Björn hafi skynjað það sem höfnun móðurinnar þegar hann var sendur í fóstur (en bróðir hans fékk að vera áfram heima).

Einnig þarf að ræða um mannsblóðið: það er eitthvað dýrslegt við þessa löngun móðurinnar í mannsblóð. Svo koma draumar hennar sem ekki er hægt að lýsa með orðum.

Síðar dreymir Björn óhugnanlegan draum, sbr. kjötbitana átján og öxina undir steininum á fjallinu Axlarhyrnu (Munið: Björn heitir Axlar-Björn (ekki Axar-Björn) af því að hann hóf búskap á bænum Öxl). Höfum í huga að Björn sótti ekki kirkju. Það er eins og honum hefnist fyrir það (hann sefur og dreymir ljótan draum þegar hann ætti raunverulega að vera við messu).

Spádómsorð gamla mannsins þarf einnig að hafa í huga (eftir 'kulda hlátur' Björns og ögrandi athugasemd hans um 'náttstaðinn' (dauðann)).

Þegar allt þetta er talið er augljóst að eitthvað mikið og óhugnanlegt á eftir að gerast, enda líður ekki á löngu þar til Björn drepur vin sinn, fjósamanninn (þó það sé ekki sagt berum orðum).

Líta má á það táknað að bátsfélögum Björns skyldi ekki takast að ná öxinni af honum: Birni var ekki hægt að bjarga undan hinum illu örlögum. Í fornsögum okkar er forlagatrúin sterk og hún er það einnig hér: forspárar og draumarnir munu rætast! Það verður engu breytt.

Það þyrfti að ræða þetta aðeins með samtímann í huga: **Getur verið að við ákveðum stundum að þessi eða hinn sé vonlaus?** Er hugsanlegt að við gætum, með réttum aðferðum, tekið í taumana og leitt ólámsmenn inn á rétta braut?

Í „Örfáum minnisatriðum“ er stutt yfirlit um einkenni þessarar sögu. Þótt hún sé byggð á sannsögulegum atburðum er augljóst að hún hefur tekið á sig mynd þjóðsögu, sbr. kunnugleg minni (talan 18; draumar og forspár), stef og stuðlun.

Örfá minnisatriði

Í safni Jóns Árnasonar fellur þessi saga í flokkinn Sagnir frá seinni öldum en undirflokkurinn er Morðsögur. Eiginlegar þjóðsögur snúast gjarnan um eina tiltekna atburðarás. Sagan af Axlar-Birni er meira í ætt við svokallaða sagnaþætti þar sem farið er yfir líf einnar persónu frá vöggu til grafar og jafnvel rætt um nánustu skyldmenni. Sagan er byggð á skriflegum heimildum að hluta, einkum Árbókum Jóns Espólíns sem uppi var tveimur öldum síðar en Axlar-Björn. En mörg dæmigerð einkenni munnmæla koma fram í sögunni og sýna þau að alþýða manna hefur mótað hana á ýmsan hátt og lagað að lögmálum frásagnar. Þar má nefna draum móðurinnar í upphafi og draum Björns sjálfs í æsku þar sem vakinn er grunur um blóði drifinn lífsferil, sbr. einnig spádómsorð gamla sjómannsins. Þá má benda á töluna átján sem er algeng í þjóðsögum.

Mjög algengt er að eitthvað sérstakt tengist fæðingu hetju. Hér eru það draumar móðurinnar á meðgöngunni en þó sérstaklega þorsti hennar í mannsblóð sem vekja illar grunsemdir.

Þeir sem Björn myrðir eru gjarnan menn á leið á vertíð undir Snæfellsjökli. Það skýrir þá staðreynd að þeirra er ekki saknað strax: Þeir koma langt að og enginn veit nákvæmlega um ferðir þeirra.

Vísur og stef setja svip á margar þjóðsögur og gefa þeim aukinn hljóm og dulúðugt svipmót, sbr. stefið í upphafi og síðan 'barnagælu' kerlingar sem reyndar eru viðvörunarorð.

Síðustu orð sögunnar (um dysina sem er úr grjóti en orðin grasi vaxin að neðan) gefa lesanda (eða áheyranda) tóm til að jafna sig og komast í dálitla fjarlægð frá atburðun (jörð hefur gróið á dysinni).

Orðskýringar

bergja: smakka, dreypta á (yfirléitt: *bergja á einhverju* eða *bergja eitthvað*; hér er sögnin látin stýra þágufalli)

fara (vera) með felldu: vera með eðlilegum hætti

ósköp: óhamingja, ill örlög

byggja einhverjum jörð: leigja til ábúðar

á reka, þ.e. til að vitja um rekavið

naut: (hér) nautgripir

rækja vel tíðir: sækja guðsþjónustur

Hvað merkir orðasambandið *að eiga náttstað undir öxi*?

Svar: Að eiga náttstað undir öxi: verða fyrir axarhöggi og deyja (hér er nótt sett í samband við dauða: algeng mynd í máli skálda).

gegna: (hér) svara

ofan og heim fyrir þá (hólana): niður fyrir þá og nær bænum (á Knerri)

Jökull: Snæfellsjökull

fjörbrót: dauðateygjur

krimta (krymta): gefa frá sér lágt hljóð

dæstur: dasaður, þreyttur

ósleitilega til lagt: vasklega höggvið

dylgjur: (hér) getsakir, orðrómur

blöndukanna: kanna með sýrublöndu

þítt: ófrosið

sanna: (hér) staðfesta

meðkenna: játa á sig (sök), viðurkenna

myrða: (hér) drepa á laun (og leyna líkinu)

sjaldan brotnar bein á huldu, þ.e. þar sem holt er undir

Stílfræðileg atriði

1. *Var það nefnt Björn, vóx hann svo og vel dafnaði.*
Hér birtist fornleg mynd sagnarinnar vaxa (vóx í stað óx). Einnig er brugðið út af eðlilegri orðaröð þegar sagt er vel dafnaði í stað dafnaði vel. Þetta tvennt gefur textanum aukinn hljóð (stuðlun).
2. *Svíkur hann sína gestina sem úlfurinn sauðina.*
Gott dæmi um viðlíkingu (með samanburðartengingunni sem: eins og). Takið einnig eftir hrynjandinni, taktinum!

Umræða

1. Er eitthvað óvenjulegt við uppeldi Björns?
2. Hvar átti Björn að vera þegar hann dreymdi drauminn um kjötbitana? Hefði farið betur fyrir honum ef hann hefði farið að vilja fóstura síns?

Svör

1. Hér að ofan var rætt um að uppeldi Björns hafi verið óvenjulegt. Sbr. það að hann er sendur í fóstur fimm ára. Slíkt kann að hafa haft áhrif á barnssálina (beiskja). Sá sem tók hann að sér gerði það ekki með glöðu geði, hann 'lét til leiðast'!
2. Þetta var einnig rætt hér að ofan: Það er örlítil áminning fólgin í þessu: Þú átt að sækja messu á helgum degi, annars getur farið illa!

Greinarmerki

Setjið stóra stafi og greinarmerki þar sem við á. Munið spurningarmerki í beinni spurningu; munið líka að afmakra innskot með kommu (sbr. innskotið 'gamall maður og hygginn').

hann reiðir öxina á loft með vígahug og segir með kuldahlátri hver af ykkur vill nú eiga náttstað undir þessari þeim varð heldur bilt við og vildi enginn til þess verða einn af skipverjum gamall maður og hygginn sagði við lagsmenn sína en gegndi birni engu takið öxina af honum því þetta er óhappaverkfæri

Landfræði

Staðsetjið helstu söguviðburði með hjálp landakorts.

Efnisspurningar

1. Skýrið nafngift Björns (Axlar-Björn).
2. Nefnið þrjár illspár eða fyrirboða þar sem gefið er í skyn að Björn verði fólki til ógæfu.
3. Hvað var það sem olli illum grun manna um að ekki væri allt með felldu í kringum Björn?
4. Hvað olli því að mennirnir tveir, sem voru á leið vestur undir Jökul, sluppu frá Birni?
5. Á hvaða öld gerast þeir atburðir sem lýst er í sögunni? Á hvaða degi er Björn handtekinn?
6. Hvers vegna var ekki fyrr tekið á morðmálunum?
7. Hvað á Björn við þegar hann talar um 'sólarlitla daga'?
8. Hvað á Björn við þegar hann segir: „Einn er þó enn eftir og væri hann betur af.“
9. Hvernig var hægt að staðfesta að Björn hefði drepið Sigurð, vinnumann Ingimundar hreppstjóra?

Svör

1. Hann bjó á bænum Öxl undir Axlarhyrnu.
2. Á meðgöngunni þyrsti móður Björns í mannsblóð; hana dreymdi síðan óhugnanlega drauma. Draumur Björns um kjötbitana veit ekki á gott, sama er að segja um viðvörunarorð gamla mannsins á bátinum.
3. Það þótti grunsamleg hve marga hesta Björn átti og þá kom upp sá kvittur að Björn hefði myrt eigendur hestanna.
4. Annar þeirra sá glampa á eitthvað í hendi Björns og fór að gruna margt; honum datt þá í hug að skila kveðju til Björns frá húsbónda sínum, ríkum manni. Við þetta hættir Björn greinilega við áform sín um að myrða mennina.
5. Atburðir gerast á 16. öld (þau hjón eru dæmd til dauða árið 1596). Björn er handtekinn á páskadag.
6. Guðmundur Oddson á Knerri hélt lengi yfir honum verndarhendi og fólk þorði ekki taka á málinu.
7. Hann átti greinilega við það að nú væri úti um hann. Til greina kemur að álykta að Björn hafi ekki séð sólina, að guð hafi svipt hann sjóninni á þessum hátíðis- og sólskinsdegi, vegna glæpa hans.
8. Björn átti við að enn væri eftir að höggva af honum hausinn.
9. Menntönnuðust við silfurhneppa peysu sem Björn var í við handtökuna; peysan tilheyrði Sigurði vinnumanni sem hafði horfið tveimur árum áður.

Hugleiðing

Skrifið örstutta hugleiðingu um Steinunni og persónuleika hennar og reynið að dæma hana af sanngirni. Reynið að skrifa í þjóðsagnastíl!

Sveinn skotti

Kennarinn: Nú er það svart, maður. Þið hlustið á söguna og segið mér á eftir hvort Sveinn trúir á guð; eða trúir hann kannski á óvin guðs?

Eftir hlustunina mætti spyrja. Hvar kemur fram að Sveinn skotti trúir á djöfulinn (kölska)? (Þegar hann gerði samning við kölska.) Og: Hvað segja börnin við Svein skotta og hverju svarar hann? (Merki um að hann trúir ekki á guð?). Við veitum því eftirtekt að börnin biðja Sveini guðs blessunar eftir að hann gaf þeim úr pokanum sínum. Þau vita ekki að það sem hann gaf þeim var þýfi, matur sem hafði verið í búrinu heima hjá þeim!

Í framhaldi af þessu: Hvað varð um móður Sveins skotta eftir að hann fæddist? (Hún var tekin af lífi).

Örfá minnisatriði

Þessi saga er framhald sögunnar af Axlar-Birni. Sögupersónur eru ekki kynntar því að gert er ráð fyrir að menn þekki þær. Ógæfa ættarinnar heldur áfram. Spyrja mætti hvort erfiðar aðstæður eða meðfædd ónáttúra hafi valdið.

Sagan af Sveini skotta tengist galdrasögum og þar kemur fram minnið um samning við kölska. Sveinn virðist selja djöflinum sál sína, sbr. t.d. söguna af Galdra-Lofti (JÁ I:572–575). Rúnaristurnar tengjast einnig galdri eins og m.a. sést í fornum sögum, t.d. Egils sögu. Hafa má í huga að Sveinn var uppi á 17. öld þegar galdrafár geisaði í landinu. En sagan af Sveini á einnig skylt við draugasögur. Sveinn gengur aftur og virðist hafa valdið láti manns 132 árum eftir dauða sinn. Sagan er því gott dæmi um það hvernig þjóðtrúin skýrir voveiflega atburði.

Orðskýringar

tekin af: líflátin

vikna: klökkna (vikna af geðshræringu)

...bæði stelandi og strjúkandi. Lýsið þessum orðum með hugtökum úr málfræði (orðflokkur o.s.frv.).

Svar: ...bæði stelandi og strjúkandi ... Skáletruðu orðin eru í lýsingarhætti nútíðar. Þetta eru í rauninni sagnir í hlutverki lýsingarorðs.

af bera (afbera): þola

afréttir: heiðaland, sumarhagar búfjár

stinga upp: opna (læsingu) (með öðru en lykli)

reifalindi: (ofið) band til að binda reifar (dúka, dúklengjur) að ungbarni

Hvað merkir að Jón Sýjuson hafi verið *dæmdur líflaus* á alþingi?

Svar: Jón var *dæmdur líflaus*, þ.e. hann var dæmur til dauða.

hrókur: langur sláni; kvennabósi

renta fylgir nafni: heita eitthvað með réttu, standa undir nafni sínu

reimt (lýsingarorð, hvorugkyn): *þar er reimt:* þar er draugagangur, sbr. orðið *reimleikar*

Umræða

1. Ræðið um refsingar sakamanna. Hvernig var mönnum refsað í þessari sögu? Eru refsingar sambærilegar við það sem nú tíðkast (hér eða erlendis)?
2. Reynið að finna Sveini skotta einhverjar málsbætur.

Svör

1. Sveinn er hýddur til óbóta og eyrað er skorið af honum: þá sjá allir að þar fari glæpamaður (hann losnar aldrei við þá skömm; þetta er sambærilegt við brennimerkingu). Sveinn er síðar hengdur en Jón er hálshöggvinn á hrottalegan hátt.
2. Sveinn skotti missir móður sína við fæðingu. Sennilega hefur hann fengið óblítt uppeldi. Tæplega hefur verið gott að vera sonur tveggja raðmorðingja.

Landafræði

Fylgið ferðum Sveins skotta um landið og staðsetjið öll örnefni.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna var Sveinn kallaður Sveinn skotti?
2. Hvers konar samning gerði Sveinn við djöfulinn?
3. Hvaða ár var Jón Sýjuson dæmdur á alþingi?
4. Hvað olli því að öxin beit ekki á Jóni Sýjusyni?
5. Hvernig var reynt að hindra það að Jón Sýjuson gengi aftur?
6. Hvað hét afi Gísla hróks?

Svör

1. Hann fæddist á Skottastöðum.
2. Sveinn gaf sig djöflinum, en á móti átti djöfullinn að sjá til þess að Skotti gæti leyst sig úr öllum fjötrum.
3. Árið 1650.
4. Galdrarúnir höfðu verið ristar og þær voru geymdar í skóm Jóns. Það voru því galdrar Jóns sem ollu því að svona erfitt reyndist að höggva af honum hausinn.
5. Lík Jóns var brennt.
6. Axlar-Björn.

Hugleiðing

Ímyndið ykkur að þið mætið manni með eitt eyra. Lýsið því sem kemur upp í hugann.

Kirkjubæjarklaustur

Kennarinn: „Hart er í heimi, hördómur mikill,“ segir í *Hávamálum*. Nú hlustið þið á söguna um Kirkjubæjarklaustur og ræðið síðan um þær sakir sem nunnunum var refsað fyrir. Hvernig yrði þessum konum refsað núna?

Eftir lesturinn gæti kennarinn bent á að sumar sakirnar séu ekki mjög alvarlegar. Systurnar sem drukknuðu í vatninu höfðu einungis fallið í þá freistni að vilja eignast fallegan gullkamb (Hvaða stúlka mundi ekki vilja eignast gullkamb?). Syndir Katrínar eru öllu alvarlegri: Hún er lauslát, hún gefur sig djöflinum (eins og Sveinn skotti) og sýnir guði óvirðingu með því að henda vígðu brauði inn á kamar. Katrín er brennd lifandi. Fyrir svona afglöp er hæpið að refsing yrði hörð í samfélagi okkar nú. Og það að hallmæla páfanum (eins og hin nunnan gerði og var brennd fyrir) er tæplega dauðasök í nútímasamfélagi.

Í „Örfáum minnisatriðum“ eru nefnd nokkur atriði sem setja mark á þessa sögu. Sjálfsagt er að benda á minnið um nykurinn (hann er með hófa sem snúa öfugt og fer með fólk út í vatn). Þá er rétt að vekja athygli á ádeilunni sem leynist í sögunni í garð þeirra sem eiga að vera fyrirmynd í kristilegu lífni (almúginn fær „útrás“ með því að segja svona sögu: yfirstéttin verður að aðhlátursefni).

Örfá minnisatriði

Í byrjun er farið allt til upphafs Íslands byggðar. Sagan fær því ‘virðulega’ umgjörð þar sem m.a. er lögð áhersla á kristilegt andrúmsloft á sögusviðinu. En svo kemur í ljós að ekki er allt með sem kristilegustum blæ. Ýmsum svipmyndum er brugðið upp, miður fallegum. Fyrst er fjallað um græðgi systranna (nunnanna) og þar birtist minnið um nykurinn sem hverfur í vötn með fórnarlömb sín. Næst er fjallað um miklar stunur í húsakynnum nunnanna án þess að skýringar finnist á þeim. En í ljósi þess sem síðar segir mætti giska á skýringar.

Katrín fremur þríþætt brot og hefnist fyrir. Refsingu hennar er fullnægt með öðru móti en lýst er í sögunum af Axlar-Birni og Sveini skotta.

Sagan er flokkuð undir Kirkjusögur í safni Jóns Árnasonar. Henni er m.a. ætlað að skýra örnefni, sbr. Systravatn, Systrastapa og Sönghól. Auk þess birtast þarna skemmtilegar upplýsingar um samgöngumál og nýtingu rekaviðar við brúarsmíði.

Síðasti hluti sögunnar er mjög skoplegur og í hrópandi ósamræmi við upphafið þar sem kristilegur tónn er sleginn. Atvikin sem lýst er um lauslæti klausturfólksins eiga sér hliðstæðu í hinu fræga verki Decamerone eftir Boccaccio. Þess vegna ber að taka þessum sögum með fyrirvara; hugsanlega er hér fremur um flökkusögur en sannleika að ræða.

Oft er stuðlun í textum þjóðsagna, ekki síst í beinni ræðu, sbr. orð abbadísarinnar í lok sögu.

Andstæðurnar kristni – heiðni/ guð – djöfullinn eru áberandi í sögunni. Kristilegt lífni – syndsamlegt lífni. Að sjálfsgöðu er mikil ádeila í sögunni og beinist hún að kirkjunnar fólki.

Orðskýringar

nykur: hestur sem býr í vötnum. Flettið upp orðinu *nykur* í atriðaskrár þjóðsagnasafna og kynnið ykkur sögur af nykrum sem hverfa með börn. Hvernig er hægt að verjast nykrum? Hvað greinir nykurinn frá öðrum hestum?

Svar: Ef menn nefna nykurinn þá sleppa þeir undan honum. Annað nafn á nykri er *nennir*, og eitt sinn þegar barn sagði: „Ég *nenni* ekki“, þá slapp það – óvart! Nykurinn er eins og hestur að öðru leyti en því að hófar hans snúa öfugt.

Hvað merkir orðið *systir* í þessari sögu?

Svar: Orðið *systir* merkir hér það sama og *nunna*: kona sem ákveðið hefur að helga sig guði í klaustri.

kom út: kom út til Íslands (talað var um að fara *út* þegar farið var frá Noregi til Íslands en *utan* þegar farið var frá Íslandi). Ræðið um málvenjur sem tengjast utanferðum, t.d. orðin *út* og *erlendis* [mælt er með að orðið *erlendis* sé viðhaft um dvöl á stað, ekki hreyfingu til staðar: *ég er eða dvel* erlendis en *ég fer* utan/til útlanda].

visitasía: eftirlitsferð biskups um umdæmi sitt

veðdraga sig: veðstetja sig (djöflinum)

snara: fleygja

náðhús: kamar

leikmaður: (hér) óprestlærður maður

kvikur: nakinn

rekaffjara lögð til klaustursins: klaustrið fékk heimild til að nýta rekavið (á Brúarfjöru)

hægt í högum: auðvelt um vik

ffla: tæla til kynmaka

niðurhlutur: neðri hluti kyrtils, pils

fara á hnotskóg: fara og svipast um

skauta sér: setja upp höfuðbúnað

skupla: höfuðklútur, skýla

Stílfraeðileg atriði

Nefnið dæmi um andstæður og hliðstæður í textanum.

Svar: Dæmi um *andstæður*: kristni – heiðni; guð – djöfullinn; synd – heinlífi; munkar – nunnur.

Dæmi um *hliðstæður*: tvær systur (nunnur) sem girnast gullkamb og drukkna; tvær systur brenndar; tvær hliðstæðar frásagnir af brók ábótans.

Umræða

1. Er eitthvað sameiginlegt með afbrotum Katrínar nunnu og Sveins skotta? (nefnið að minnsta kosti tvennt).
2. Hvaða refsingu fær Katrín?
3. Í hverju felst ádeilan í sögunni?

Svör

1. Þau gerðu bæði samning við djöfulinn, seldu honum sál sína (og afneituðu þannig guði). Þau voru bæði lauslát.
2. Katrín er brennd lifandi.
3. Aðallega er deilt á þá sem þykjast vera kristnir en lifa ekki í samræmi við kenningar Krists (slíkt fólk kallaði Kristur hræsnara). Þetta er ádeila á kirkjuvaldið.

Munnleg æfing

Ímyndið ykkur að þið standið uppi á Systrastapa með hóp ferðamanna fyrir framan ykkur. Segið með ykkar eigin orðum söguna af sytrunum tveimur sem voru brenndar á stapanum.

Landafræði og saga

1. Athugið staðsetningar á landakortum (Síða, Álftaver, Skaftá o.s.frv.). Athugið að fleiri en einn Þykkvibær er á Suðurlandi!
2. Lesið ykkur til um klausturhald í Kirkjubæ og Þykkvabæ. Skrifið stutta skýrslu.

Efnisspurningar

1. Hvað olli því að systurnar drukknuðu í Systravatni?
2. Fyrir hvaða afbrot voru systurnar brenndar?
3. Hvers vegna heitir fjaran Brúarfjara?
4. Hvað olli því að abbadísinn var ekki mjög ströng við systurnar?

Svör

1. Systurnar langaði að ná gullkambinum.
2. Fyrir guðlast. Önnur þeirra gaf sig djöflinum á vald; hún vanvirti vígt brauð, var einnig lauslát; hin hallmælti páfanum.
3. Í fjörunni var rekaviður sem notaður var til að gera brú yfir Skaftá.
4. Hún var jafnsyndug og þær: hún hafði lagst með ábótanum.

Loppa og Jón Loppufóstri

Kennarinn: „Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum.“ Nú hlustið þið á söguna af Loppu og Jóni Loppufóstra og nefnið mér síðan tvö eða þrjú dæmi um kænsku Jóns.

Að loknum lestri má byrja á að ræða snilli Jóns. Hann finnur ráð sem dugar til að sleppa: hann biður um hlut sem erfitt er fyrir skessuna að nálgast (tólf ára gamall hákarl). Síðan hefur hann vit á að bíða rólegur þangað til hann er viss um að skessan sé farin (hann hefur grunað að hún mundi snúa við til að kanna málin!). Loks má benda á að hann veit hvaða ráð dugar til að flæma skessuna brott úr mannabyggð: Hann lætur hringja kirkjuklukkunum.

Í framhaldinu mætti ræða um táknræna merkingu þessarar sögu (sbr. „Örfá minnisatriði“). Óendurgoldin ást getur aldrei blessast, sbr. stefið: „Illt er að leggja ást við þann/ sem enga kann á móti.“ Maður þvingar engan til að elska sig. – Þá má líka ræða söguna út frá því að allt breytist: þegar maður kemur heim eftir lagna útivist finnst honum kannski að allt sé svo smátt heima. – Í þriðja lagi má svo segja að sagan sé varnaðarorð til fólks: farið varlega inni á óbyggðum og gætið þess að verða ekki viðskila við félagana.

Örfá minnisatriði

Þessi tröllasaga geymir mörg kunnugleg minni. Mjög algengt er t.d. að fólk á grasafjalli verði vart við tröll enda halda tröll sig yfirleitt fjarri mannabyggð (álfar eru aftur móti gjarnan í klettum og hólum nálægt bústöðum manna). Eins og margar aðrar tröllasögur gefur sagan af Jóni vísbendingu um ótta fólks við að vera eitt á ferð í óbyggðum.

Hér er líka minnið um mátt kirkjuklukkanna. Hringing þeirra fælir illar vættir frá kristnu samfélagi.

Það er algengt bragð sögumanna að sýna fram á sannleiksgildi sögu sinnar. Þetta er gert hér með athugasemdinni um stóra lærlegginn. Svipað dæmi er t.d. í lok Egils sögu og reyndar í mörgum fleiri sögum.

Þetta er saga um óendurgoldna ást og jafnframt um það að ekki er hægt að þvinga ást upp á neinn. Einnig mætti rökstyðja að þetta væri saga um einhvern sem fer á brott og kemur aftur breyttur maður og getur ekki lagað sig að fyrri aðstæðum. Þannig mætti líta táknrænt á stærð Jóns þegar hann kemur til baka: það verður allt smátt heima í augum þess sem hefur verið lengi í burtu.

Í sögunni birtast vel andstæðurnar byggð – óbyggðir: það sem er hérna megin og það sem er hinum megin; hið þekkt og óþekkt.

Í mörgum ævintýralegum sögum fer ‘hetjan’ í hættulega sendiferð (*forsending*) til leysa tiltekna mjög erfiða þraut. Hér er það ‘óvinurinn’ sem er sendur brott í sama tilgangi; þetta lýsir kænsku hetjunnar, sbr. líka það að Jón rýkur ekki af stað eftir að tröllkonan er farin.

Orðskýringar

Flettið upp merkingu orðsins *fóstri* og athugið hvernig hún stemmir við þá merkingu sem hér á við.

Svar: Orðið *fóstri* getur merkt bæði fósturfaðir og fóstursonur. Í þessu tilviki er um að ræða ungan mann (Jón) sem er „í fóstri“ (reyndar nauðugur) hjá skessunni Loppu.

Hnjóskdælingar: Fnjóskdælingar

flagðkona: tröllkona, skessa

Veitið athygli beygingu á orðunum *hellir*, *missir* og *mænir* í þessum texta. Er hún í samræmi við það sem gefið er upp í handbókum?

Svar: Orðin *hellir*, *missir* og *mænir* eru hér beygð á annan hátt en við eigum nú að venjast því r-ið er látið vera í allri beygingunni. Nú segjum við *hellir um helli frá helli til hellis* o.s.frv. Sú beyging er í

samræmi við forna beygingu orðsins sem síðar breyttist (eins og í sögunni) en var svo endurvakin með átaki. Í nútíma beygjum síð semsagt þessi orð eins og gert var í elstu ritum okkar.

fylgilag: ástarsamband

trylla: gera að tröllo, gera vitlausan

aðdrættir: það að flytja vörur og vistir í búíð

dylja einhvern einhvers: leyna einhverju fyrir einhverjum. Hvaða föllum stýrir hér sögnin að *dylja*?

Svar: Sögnin *dylja* stýrir hér tveimur föllum, þf. og þgf. (*áhrifssögn*). Ég dyl manninn þess.

strokfæri: tækifæri til að leggja á flótta

kveður hann á líkast mundi að sjúknaði sínum gjörðist: þ.e. hann telur líklegast að sér mundi skána ef...

vera í útvegum um eitthvað: afla einhvers, útvega

hvert: (hér) hvort

þrjóta; hrossið *þraut*: hesturinn varð örmagna, máttvana. Sögnin *þrjóta* er hér ópersónuleg (tekur með sér frumlag í þolfalli: *hestinn þraut*).

óbær: (lo.) sem ekki er hægt að bera

einhverjum verður ósvift við: einhverjum bregður illa

Flettið upp þátíð sagnarinnar *deyja* og berið saman við þátíðarmynd hennar í sögunni. Beitið sömu aðferð við sögnina að *vera* [sbr. þátíðarmyndina *vóru*].

Svar: Sögnin *deyja* er í þátíð *dó* (sterk sögn); en í sögunni af Jóni Loppufóstra er þátíðin *deyði* (veik sögn). Veika þátíðarmyndin heyrir ekki lengur. Þátíðarmyndin *vóru* er notuð í sögunni, en nú segja langflestir *voru*.

Landfræði

Kannið vel staðsetningar á landakorti og áttið ykkur á þeirri vegalengd sem Loppa fer þegar hún sækir hákarlinn.

Stílfraði

1. Athugið orðaröð, t.d. með tilliti til stöðu frumlags og umsagnar í setningu. Er umsögnin stundum fremst?
2. Athugið notkun nútíðar (söguleg nútíð) og þátíðar. Er algengt að nútíð og þátíð sé blandað saman innan sömu málsgreinar?
3. ...og þrettán ára þó; ég sótti hann á Siglunes.
Stuðlun setur oft svip á texta þjóðsagna, ekki síst í beinni ræðu. Finnið fleiri dæmi um stuðlun í textanum.

Svör

1. Sagnirnar eru mjög oft fremst í málsgreininni: Lögðu þær því.../ Fannst honum það .../ Liðu þannig nokkur missiri ... Þetta er afar algengt í frásögnum. – Sumt í orðaröð kemur okkur ekki eins kunnuglega fyrir sjónir, sbr. málsgreinina í upphafi sögunnar: „Það er í sögum haft að skál þessi **tekið hafi nafn** af flagðkonu einni sem í fyrnd hefði búíð þar...“ Og (nokkru síðar): „Ætlaði hann að hún mundi á einhvern hátt **látist hafa**.“ Og (í lokin): „...hefði hann til **dauða dregið**.“ Þessi orðaröð er ekki eðlileg í íslensku og virðist vera undir erlendum bóklegum áhrifum.
2. Nokkuð algengt er að þátíð sé í upphafi málsgreinar en síðan sé farið í nútíð: „Loppa hét (þt.) að vera þar um í útvegum, og býr (nt.) hún sig til ferða...“ Síðan er jafnvel aftur farið í þátíð! Það er m.ö.o. allnokkur hreyfing milli þátíðar og (sögulegrar) nútíðar. Nútíð í frásögn færir okkur sennilega nær söguviðburðunum.
3. Örfá dæmi um stuðlun: „...að Jón fékk ekki sól að sjá...“; „...báðar í blóma...“; „...til dauða dregið...“

Umræða

1. Í sögunni beita konur karl ofbeldi. Ræðið um ofbeldi út frá þessu atriði.
2. Ræðið um hvarf Jóns úr mannabyggð og endurkomu hans og reynið að setja í víðara samhengi. Hvað getur t.d. gerst ef menn eru lengi í burtu og koma aftur í heimabyggð?
3. ... og tröll á förum.
Hvað veldur því að tröllin eru á förum?
Mætti setja þetta í almennara samhengi og hugsa sér að tröllin tákni minnihlutahóp eða frumbyggja á svæði þar sem aðkomufólk með nýja siði tekur völdin?
4. Hvaða tvær matartegundir koma við sögu?

Svör

1. Kúgun kvenna er viðvarandi vandamál í heiminum; sjaldnar heyrir að konur kúgi karla. Maður spyr sig hvað geti valdið því að slíkar sögur myndist en þær eru víða til (t.d. í forngrískum sögnum). Hugsanlega verkefni fyrir sálfræðinga! Það að æra menn með hávaða er þekkt pyntingaraðferð til að fá menn til að játa eitthvað á sig.
2. Sá sem kemur aftur er ekki hinn sami og sá sem fór. Aðstæður hafa breyst og aðkomumaðurinn á erfitt með að sætta sig við það: sjálfur hefur hann hugsanlega þroskast í allt aðra átt en þorpabúarnir heima; og þar er jafnvel komið nýtt fólk sem ekkert botnar í þessum gesti. Við getum t.d. hugað okkur einhvern sem fer ungur að heiman og mennast í útlöndum; kemur síðan aftur heim og á þá kannski ekkert sameiginlegt lengur með þeim sem alltaf voru heima og höfðu engu nýju kynnst. Þeir hugsa „smátt“.
3. Það er eins og tröllin hafi ekki þolað kristnina og áhrif hennar í landinu (sbr. það að þau þöndu ekki kirkjuklukknahljóminn). – Til greina kemur að hugsa sér tröllin sem frumbyggjahóp sem á í vök að verjast eftir að nýir landnemar hafa lagt undir sig svæðið.
4. Fjallagrös og hákarl (greinilega mikilvægar fæðutegundir á fyrri tíð!).

Upplýsingaleit

1. Aflið ykkur upplýsinga um fjallagrös og næringargildi þeirra.
2. Flettið upp í atriðaskrá þjóðsagna orðinu *kirkjuklukkur* og athugið hlutverk þeirra í nokkrum sögum.
3. Athugið stafsetningu orða og bendið á frávik frá reglum (sbr. orðið *hákarl*; hvað veldur því að það er skrifað þannig?).
4. Kynnið ykkur frásagnir af *móðuharðindunum*. Hvað olli þeim og hvenær áttu þau sér stað?

Svör

1. Það ætti að vera auðvelt að finna upplýsingar um fjallagrös, sjá t.d. slóðina <http://is.wikipedia.org/wiki/Fjallagr%C3%B6s>. Ýmsar heilsuvörur hafa verið framleiddar úr íslenskum fjallagrösum.
2. Hér nægir að minna á söguna um djákann á Myrká, en þar bjargaði klukknahljómurinn Guðrúnu undan draugnum sem áður var unnusti hennar.
3. Segja má að rithátturinn *hákarl* tengist framburði; yfirleitt er skrifað *hákarl*, en r-hljóðið heyrir ekki í framburði nema menn tali mjög skýrt.
4. Móðuharðindin tengjast gríðarlegum eldsumbrotum sem hófust í Lakagígum í júní árið 1783. Áhrifa þess gætti víða um lönd (kólnandi veðráttu og uppskerubrestur). Á Íslandi féll meirihluti búfænaðar og fimmti hver Íslendingur lést (um 10 þúsund manns). Sjá m.a. <http://is.wikipedia.org/wiki/M%C3%B3%C3%B0uhar%C3%B0indin>.

Efnisspurningar

1. Nefnið þrennt sem tröllkonurnar gerðu Jóni.
2. Hvað sligaði Jón marga hesta á flóttu sínum?
3. Hvað olli því að tröllkonan náði ekki Jóni á flóttanum?
4. Hver var harmsaga Þórlaugar og Dínusar?
5. Hvað olli því að beinin í kirkjugarðinum rotuðu seint?

Svör

1. Þær fituðu hann, mökuðu á hann smyrslum, öskruðu í eyru honum og teygðu hann á milli sín.
2. Jón sligaði þrjá hesta.
3. Jón lét hringja kirkjuklukkunum.
4. Þau misstu ellefu börn í móðuharðindunum.
5. Jarðvegurinn þar er kaldur og votur.

Hugleiðing

Segið söguna út frá sjónarmiði Loppu sem vill gera allt fyrir manninn sem hún elskar.

Móðir mín í kví, kví

Kennarinn: Þið hlustið á þessa stuttu sögu og svarið síðan spurningunni: Gæti röddin sem kveður vísuna verið e.k. „innri rödd“ konunnar?

Að loknum lestri mætti ræða söguna út frá spurningunni um „innri röddina“. Auðvitað líður konunni illa. Á yfirborðinu sjáum við unga konu sem langar á ball, en svo bugast hún af því að samviskan segir til sín. Ef við lítum svona á söguna þá er þetta engin draugasaga lengur. En þjóðtrúin skýrir andleg veikindi konunnar á þann hátt að útburðurinn sjálfur (draugur) láti í sér heyra.

Ræða þyrfti strangar refsingar sem t.d. konur hafa mátt þola fyrir að eignast börn utan hjónabands. Svokallaður *stóridómur* sem innleiddur var eftir siðaskiptin veitti heimild til mun harðari refsinga en viðgengist höfðu á kaþólskum tíma., sbr. þessar upplýsingar úr Wikipediu:

„Stóridómur var samþykkt um siðferðismál sem var samin að frumkvæði lögmanna tveggja, Páls Vigfússonar og Eggerts Hannessonar, eftir hvatningu frá Páli Stígssyni hirðstjóra, og undirrituð á alþingi 30. júní árið 1564. 13. apríl 1565 var hann svo staðfestur af konungi og tók gildi sem lög.

Tilgangurinn var að koma reglu á dóma í siðferðismálum sem kaþólska kirkjan hafði haft með höndum fram að siðaskiptum. Niðurstaðan var sú að refsingar í þessum málum urðu harðari en áður, einkum fyrir sífjaspell sem við var lögð dauðarefsing. Hórdómsbrot vörðuðu sektum en þriðja brotið lífláti (sem alltaf var breytt í útleið) og frillulífi (barneignir utan hjónabands eða dulsmál) varðaði einnig háum sektum. Samkvæmt Stóradómi skyldu sýslumenn sjá um framkvæmd rannsókna og innheimtu sekta af hinum brotlegu.

25 karlar og 25 konur voru tekin af lífi vegna sífjaspellsbrota samkvæmt Stóradómi. Síðasta aftakan fyrir slíkt brot fór fram árið 1762. Á síðari hluta 18. aldar var almennt farið að milda refsingar fyrir þessi brot. Háar sektir við barneignum utan hjónabands komu til meðal annars vegna ótta við sveitarómaga og annað framfærslulaust fólk. Þau ákvæði voru numin úr lögum 1812 en önnur refsíákvæði skömmu síðar. Stóridómur var þó ekki numinn úr lögum í heild fyrr en með nýjum hegningarlögum í Danmörku árið 1870.“

Örfá minnisatriði

Í kynningu er vakin nokkur samúð með aðalpersónu með því að benda á að þungar refsingar gátu legið við því að eignast barn í lausaleik. Það gat því verið freistandi að komast undan þeirri refsingu (með því að leynd þunguninni og bera barnið út).

Endurtekningin í orðum útburðarins gefur þeim aukinn áhrifamátt. Slíkt er einmitt algengt í draugasögum (sbr. *Garún*, *Garún* í sögunni af djáknanum á Myrká).

Hér er sagt frá konu sem vill njóta lífsins og reynir að gleyma broti sínu; en hún er minnt óþyrmilega á það. Tala mætti um innri rödd, rödd samviskunnar sem að lokum bugar konuna. Átakanleg saga um örlög konu sem ekki hefur farið eftir ströngum reglum samfélagsins.

Umræða

Vel má ræða um þessa sögu út frá aðstæðum á okkar tímum. Er einstæðum konum „refsað“ fyrir að eignast börn? Einnig mætti spyrja hvort fóstureyðingar núna jafngildi því þegar „óæskileg“ börn voru borin út. Við gætum kannski breytt konunum í kvíunum í konur sem vinna á saumastofu (eða á skrifstofu) og ræða um fyrirhugaða árshátíð og viss persónuleg vandamál sem þessu tengjast.

Orðskýringar

bera út barn: leggja nýfætt barn út á víðavang til að láta það deyja

skriftir: (hér) refsing, hegning

kví (ft. *kvíar*): lítil rétt eða gerði þar sem ær voru mjólkaðar

fjölskrúðugur: (hér) efnaður

verða af (einhverju): missa af

á málum: (hér) á mjaltatíma

griðkona: vinnukona

dula: e.k. ómerkilegur dúkur sem hefur verið vafinn utan um barnið

Efnisspurningar

1. Hvers vegna bar vinnukonan barnið út?
2. Hvers vegna fór hún ekki á skemmtunina?

Svör

1. Konan óttaðist refsingu fyrir að hafa átt barn í lausaleik.
2. Hún bugaðist greinilega þegar hún heyrði rödd barnsins sem hún hafði borið út.

Hugleiðing

Vinkona ykkar er hrædd um að hún sé orðin ólétt. Látið hana segja ykkur frá ástandi sínu og þeim vandamálum sem hún stendur frammi fyrir.

Útburður segir til sín

Kennarinn: „Þetta er dapurleg saga alveg eins og „Móðir mín í kví, kví“. Þegar þið hafið hlustað á hana skuluð þið bregðast við eftirfarandi tilmælum: Sýnið fram á að félagar Gunnu séu henni vinveittir.

Að loknum lestri munu nemendur sennilega benda á það að félagar Gunnu hafi ekki viljað láta hana vita af beinafundinum. Það hvarflar greinilega ekki að þeim að kæra hana fyrir að hafa deytt barnið. Það er gáskafull framkoma Gunnu sjálfrar sem leiðir til þess að hún kemst að beinafundi félaga sinna.

Spyrja mætti hvort ekki sé sérkennilegt að vinkonu Gunnu skuli ekki hafa grunað neitt árið áður, þegar þær voru saman á grasafjallinu og Gunna vildi vera ein. Sá vinkonan ekki að Gunna var ófrísk?

Margar draugasögur eru til um það að hinn dáni vilji fá leg í vígðum reit. Segja má að gráturinn í gílinu sé ákall barnsins um að fá að hvíla í kirkjugarði og að þá muni það ekki ganga aftur.

Örfá minnisatriði

Eins og í sögunni „Móðir mín í kví, kví“ er hér um að ræða draugasögu, nánar tiltekið útburðasögu. Og eins og í sögunni af Loppu og Jóni Loppufóstra er grasafjallið vettvangur atburða. Í kynningu er greint frá breytingum sem orðið hafa á gróðurfari. Slíkt kemur víða fram í þjóðsögum og er í samræmi við staðreyndir um eyðingu gróðurs og uppblástur á seinni öldum.

Í sögunni er farið fremur mildum höndum um aðalpersónu. Félagar hennar ætluðu ekki að angra hana með því að segja henni af beinafundinum. Þá er það látið liggja milli hluta hvort af refsingu hafi orðið; lesandi lifir í voninni um viðunandi málalok.

Orðskýringar

milli fráfaræna og sláttar: það tímabil á vorin og snemmsumars frá því að búið var að taka lömb frá ánum (svo að hægt væri að mjólka þær) og fram að þeim tíma þegar sláttur hófst.

var flutt í heiði: var farið inn á heiði (með tjald)

jóðsótt: fæðingarhríðir

Umræða

1. Hvers vegna vildi Gunna ekki fara í gildragið?
2. Ætli sögur af þessu tagi hafi haft eitthvert uppeldislegt gildi? Rökstyðjið svarið.
3. Rökstyðjið þá fullyrðingu að félagar Gunnu á fjallinu hafi viljað henni vel.
4. Hvað er það í fari Gunnu sem ‘kemur upp um’ hana?

Svör

1. Gunna vildi ekki fara í gildragið af því að samviskan hefur nagað hana og hún gat ekki hugsað sér að koma aftur á þann stað þar sem hún hafði deytt barnið.
2. Eflaust hafa svona sögur átt að vera til viðvörunar: Gætið ykkar í samskiptum við hitt kynið ef þið eruð ekki í hjónabandi! Það gæti farið fyrir ykkur eins og fór fyrir Gunnu! Hún bugaðist að lokum þótt brotavilji hennar hafi verið einbeittur!
3. Það er augljóst að félagarnir vildu Gunnu vel. Þeir ætluðu að hlífa henni við vitneskjunnar um beinafundinn; þeir vissu auðvitað að hún mundi brotna saman auk þess sem henni yrði að öllum líkindum refsað ef þetta kæmist upp.

4. Það er gáskafull framkoma hennar sjálfrar þegar hún fer að stríða félögum sínum á að þeir hafi ekki fyllt grasapokana. (Þessi gáskafulla framkoma er eins og gríma eða brynja því undir niðri nagar samviskan, sbr. það að Gunna hafði ekki viljað vera með vinkonu sinni í gilinu þennan dag.)

Hugleiðing

Skrifið hugleiðingu um tillitssemi í vinahópi.

Efnisspurningar

1. Til hvers var farið inn á heiðina?
2. Á hvaða árstíma var farið á grasafjallið?
3. Hvers vegna hafði Gunna viljað vera ein í gildraginu árið áður?

Svör

1. Til að tína fjallagrös (sjá líka söguna um Jón Loppufóstra: í leiðbeiningum við þá sögur er rætt um gildi fjallagrasa).
2. Snemma sumars, meðan nótt er ennþá björt (milli fráfaræna og sláttar).
3. Til að geta eignast barn sitt óséð og drekkt því.

Æskilegt er að benda á það sem segir í sögunni um breytingar á gróðurfari, sjá „Örfá minnisatriði“. Uppblástur á þessu svæði hefur verið gríðarlegur á seinni öldum.

Hólgöngur Silunga-Bjarnar

Kennarinn: „Þegar þið hafið hlustað á þessa sögu skuluð þið svara eftirfarandi spurningu: *Hvaða uppeldistilgangi teljið þið að þessi saga þjóni?*“

Að loknum lestri skapast umræða um hugsanlegt hlutverk þessarar sögu. Líklegt virðist að sögum af þessu tagi sé ætlað að vara unga menn við nánu samneyti við hitt kynið; slíkt geti haft illar afleiðingar. Í sumum sambærilegum sögum bíða drengirnir varanlegan skaða af fundinum með álfkonunni; þær leggja jafnvel á þá að þeir muni framvegis eiga erfitt uppdráttar í samskiptum við konur. Undir blundar hræðsla ráðamanna við þann samfélagslega vanda sem hljótast mun af fæðingu óskilgetinna barna. Hver á að borga brúsann? Hreppurinn! Hann þarf að sjá um að koma sveitarómögunum fyrir og borga með þeim!

Gaman er að þessu tvöfalda siðgæði: Eldri mannum leyfist það sem hinn yngri fær ekki að gera. Þetta er alþekkt fyrirbæri á öllum tímum.

Örfá minnisatriði

Aðalminni þessarar sögu er vel þekkt: tveir menn, annar eldri og reyndari, fara að hitta álfkonur. Sá eldri (sem oft er prestur) á sér ástkonu sem hann skemmtir sér með en sá yngri og óreyndi á ekki eins góðu gengi að fagna með dóttur hennar. Bent hefur verið á að í sögum af þessu tagi megi greina tvöfalt siðgæði: þeim sem eldri er (hann er oft kvæntur þó ekki sé það þannig í þessari sögu) leyfist að bregða á leik með konum en sá yngri og ókvænti skyldi varast allt slíkt: kynlífsreynslu á ekki að afla sér fyrir hjónaband! Þess má geta að oft leggja álfkonur eitthvað illt á ungu sveinana og verða þeir engir hamingjumenn. Í þessari sögu fer þó betur en á horfðist.

Ef til vill mætti líta á þessa sögu sem dæmisögu um ‘hetju’ sem ekki stenst prófraunina eða manndómsvígluna.

Stíll sögunnar ber ýmis lærð einkenni; dönskuáhrif eru greinileg. Hafa má í huga að þegar þjóðsögur voru skrásettar hefur orðalag sennilega oft breyst og litast af lærdómi þess sem skráði þær en það voru gjarnan prestar eða aðrir lærðir menn.

Orðskýringar

kaupamaður: maður ráðinn til heyvinnu

fyrir margklifaða bón: vegna margítrekaðrar beiðni

þá þeir komu: þegar þeir komu

útnorður: norðvestur

Hugleiðið orðin *útsuður*, *útsynningur*, *landsuður* og *landsynningur*. Rökstyðjið þá fullyrðingu að orðið *landsynningur* eigi betur við um aðstæður í vestanverðum Noregi en á Íslandi!

[Landsynningur (suðaustanvindur) kemur af landi ef miðað er við Noreg en ekki ef miðað er t.d. við suðurströnd Íslands. Landnámsmenn hafa tekið þessar áttatáknanir með sér til Íslands.]

meðal hvörs að var það: en þar á meðal var það

þar liggur þér á: þá er afar mikilvægt

amorsleikir: ástarleikir

enda (þt. enti): efna, standa við

ljúkast upp: opnast

einnin: einnig

einatt: (hér) alltaf, látaust

þar hann var þá numinn frá samræði við hana að hafa: af því að hann var orðinn fráhverfur því að hafa samræði við hana

hvar fyrir að umskipti urðu á hennar blíðu: og varð því breyting á blíðu hennar

að óskemmdir hefðu á braut komist: að þeir hefðu komist óhultir á brott

skjalari: (hér) lygari

Stílfraeðileg atriði

1. *...af hvörju Sigurður varð glaður*:
...og gladdist Sigurður yfir því (hér birtast erlend stílahrif)
2. *þá hann háttaður væri*:
orðaröðin tengist lærðum stíl (sögnin höfð aftast í aukasetningunni); sbr. einnig setninguna: má það kannske beggja líf okkar kosta (hér er aðalsögnin aftast í aðalsetningu en hjálparsögnin á venjulegum stað; bæði þessi atriði eiga sér hliðstæðu í þýsku).
3. Finnið fleiri dæmi um óvenjulega orðaröð, einkum m.t.t. sagna, en einnig t.d. fornafna.
4. Andstæður og hliðstæður gefa þessari sögu gildi. Bendið á dæmi.
5. *Sigurður beiddi ei Björn sér oftarað lofa með sér í hóla að fara*.
Setjið þessa málsgrein í eðlilega orðaröð (breytið engu nema orðaröðinni).

Svör

Sjá 3. lið (um óvenjulega orðaröð): *Sigurður lofar til þeirra verka vel að duga*. Hér stendur sögnin *duga* aftast en ekki (eins og eðlilegast væri) strax á efir sögninni lofa: lofar að duga vel ... Sbr. einnig: „...er Birni til sængur fylgt“ (aðalsögnin aftast en ætti að koma strax á eftir hjálparsögninni vera: Birni er fylgt...).

Fornafnið kemur gjarnan á undan nafnorðinu sem það stendur með: „...umskipti urðu á hennar blíðu.“ Þetta eru greinilega erlend stílahrif. Eðlilegra er: *blíðu hennar*.

Liður 4. *Andstæður* birtast víða í sögunni, sbr. mannheimar – álfheimar; ungur maður – eldri maður; ást – hatur. Tala má um *hliðstæður* þar sem yngri konan þjónar herra sínum á svipaðan hátt og sú yngri þjónar sínum.

Liður 5. Eðlileg (sjálfgefin) orðaröð: „Sigurður beiddi Björn ei oftarað lofa með sér að fara með sér í hóla.“

Umræða

1. Ræðið um boðskap þessarar sögu.
2. Ræðið einnig í almennu samhengi löngunina til að kynnast hinu óþekkta en hika svo þegar á hólminn er komið.

Svör

1. Boðskapnum virðist beint til unga fólksins: Verið varkár í samskiptum við hitt kynið; þið getið ekki leyft ykkur það sama og fullorðna fólkið!
2. Það er algengt að menn bresti kjark þegar á hólminn er komið! (Börn vilja fara í leiktæki í tívolíi. En þegar þau eru sest upp í t.d. Parísarhjólið vilja þau hætta við!)

Efnisspurningar

1. Hvaða matur var borinn á borð hjá álfkonunum?
2. Hvers vegna fór Sigurður ekki að ráðum Björns?

Svör

1. Steiktur silungur, brauð og grjónagrautur. (Kannski að nafnið Silunga-Björn tengist þessu atriði, eða þá að Björn hafi verið góður silungsveiðimaður.)
2. Löngun hans til að hafa samræði við stúlkuna dofnað skyndilega; það er eins og hann verði hræddur.

Hugleiðing

Búið til nútímaaðstæður þar sem atvik, svipuð og í þessari sögu, eiga sér stað.